

Fundargerð

215. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs Þriðjudaginn 8. desember 2015 kl. 12¹⁵–14⁴⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ) fjarverandi Gestir: Stefán Guðmundsson (SG) og
Dagbjört Birgisdóttir (DB) varamaður (LÓ) Björgvin Valdimarsson (BV) frá UAR.
Guðfinnur Johnsen (GJ)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) fjarverandi
Lúðvík Gústafsson (LG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðast fundar
- (2) Opinber fjármál
- (3) Rekstraráætlun
- (4) Raftæki
- (5) Söfnunarstöðvargald
- (6) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (214. fundar).

Samþykkt

2. Opinber fjármál

ÓK fór yfir það á fundinum að frumvarp um opinber fjármál er til meðferðar hjá Alþingi. Stefnt er að því að það verði að lögum fyrir þinglok. Markmiðið er að stuðla að ábyrgri stjórn opinberra fjármála. Helstu breytingar og nýjungar snúa að aukinni áherslu á stefnumótun um opinber fjármál, breytingum á framsetningu fjárlaga, bættum úrræðum til að bregðast við frávikum og aðlögun að alþjóðlegum stöðlum um reikningshald ríkisins. Við gerð fjárlaga verður leitað heimilda til útgjalda eftir málefnasviðum og málaflokkum í stað fjárlagaliða einstakra stofnana og verkefna.

Á fundinn komu Stefán Guðmundsson og Björgvin Valdimarsson hjá skrifstofu fjármála og rekstrar UAR og fóru yfir frumvarpið og hvort þær breytingar sem þar eru boðaðar á fjárlagaferlinu hafi áhrif á starfssemi Úrvinnslusjóðs. SG og BV fóru yfir stöðuna og sýndu glærur um frumvarp til laga um opinber fjármál. Markmið laganna er m.a. að tryggja heildstæða stefnumörkun í opinberum fjármálum til lengri og skemmri tíma. Leggja skal fram í apríl fjármálaáætlun til fimm ára. SG dreifði skemamynd um heildaryfirlit um verkefnaferlið. Því var skipt í undirbúning, gagnaöflun, stefnumörkun og greinargerð. Stórnarmenn ræddu við gesti fundarins um þá sérstöðu er Úrvinnslusjóður hefur vegna samkomulags atvinnulífsins og stjórnvalda um framleiðendaábyrgð og mengunarbótarreglu sem uppfyllt er með lögum um úrvinnslugjald.

3. Rekstraráætlun

Á síðasta fundi var farið yfir rekstraryfirlit og rekstraráætlun 2010 – 2020. Heildartölum rekstraráætlunar 2016 þarf að skila til umhverfis- og auðlyndaráðuneytisins 8. desember 2015.

Stjórn samþykkir rekstraráætlun fyrir árið 2016.

4. Raftæki

Á síðasta fundi var farið yfir erindi frá Hringrás og Efnamóttökunni þar sem óskað var eftir endurskoðun á endurgjaldi fyrir ráðstöfun raftækjaúrgangs. Þar kom m.a. fram að verð fyrir brotamálm hefur fallið, laun hækkað og gengi evru hefur lækkað m.v. krónu.

Á síðasta fundi var umræðu um málið haldið áfram, rýnt frekar í þessar tölur og þær settar í samhengi við magntölur og afkomutölur þessa árs.

Stjórn hefur skoðað upplýsingar um verðþróun á endurvinnslumörkuðum í samhengi við magntölur og afkomutölur þessa árs. Fjallað hefur verið um mat á áhrifum breyttra forsenda á endurgjald til þjónustuaðila vegna raftækja. ÓK rifjaði upp helstu atriði málsins. Hann óskaði eftir að stjórn tæki afstöðu til erindis Hringrásar og Efnamóttökunnar á næsta fundi stjórnar. Undir þetta tók GGP og bað stjórnarmenn að skoða málið milli funda og vera í færum til að taka afstöðu á næsta fundi stjórnar.

Frekari umræðu frestað.

4. Söfnunarstöðvargjald

Á stjórnarfundinum haldinn 29. september 2015 var farið yfir lagaákvæði og framkvæmd Úrvinnslusjóðs á greiðslu söfnunarstöðvargjalda. Frá árinu 2008 hefur greiðsla söfnunarstöðvargjalda verið hluti af greiðslu Úrvinnslusjóðs til þjónustuaðila. Þjónustuaðilar hafa gert upp við sveitarfélög.

Sveitarfélögin telja nauðsynlegt að geta valið þjónustuaðila með útboði og vilja halda í núverandi fyrirkomulag.

ÓK fór yfir það á fundinum að óháð því hvort þjónustuaðilar hafa milligöngu um greiðslu söfnunargjalda er nauðsynlegt að nálgast sameiginlega niðurstöðu með sveitarfélögum um hvernig meta eigi upphæðir söfnunarstöðvargjalda.

ÓK fór yfir lagaákvæði og framkvæmd greiðslu söfnunarstöðvargjalda og setti það fram með glærum á fundinum.

Lagt var fram á fundinum drög að umgjörð um verkefnið.

Umræðu frestað.

7. Önnur mál

Umsókn um að gerast ráðstöfunaraðili í Danmörku við meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs:

Samþykkt.

Næsti fundur ákveðinn 22. desember 2015.
Fundir slitið kl 14.40